

starfið til grundvallar, þar eð næg rök liggja ekki fyrir í málinu til þess að telja þóknunina ósanngjarna. Verður því að taka þennan lið kröfunnar til greina.

Þá hefir stefndur og talið upphæð þá, er stefndur reiknar sér samkvæmt 3. tölulið, of háa, og krafizt þess að hún verði einnig lækkuð um helming, niður í kr. 620,00. Starf stefnanda í þessu efni virðist aðallega hafa verið fólgið í því, að krefja um húsaleigu og greiða gjöld þau, er nefnd eru við 2. tölulið, auk almennrar umsjónar með eigninni. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, verður heldur ekki talið, að stefnandi reikni sér óhæfilega þóknun fyrir þetta starf og verður þá krafa hans samkvæmt þessum lið einnig tekin til greina.

Loks hefir stefndur mótmælt því ákveðið, að nokkurir vextir verði reiknaðir út af viðskiptum aðilja áður málsókn byrjaði. Verður rétturinn að fallast á það, að í viðskiptum eins og þeim, er hér um ræðir, sé engin heimild til þess að reikna vexti fyrri en frá þeim tíma, er mál er höfðað, úr því að ekki er sannað, að öðru vísi hafi verið um samið. Ber því að draga frá hinni umstefndu kröfu síðasta töluliðinn kr. 2226,01 en mismuninn kr. 1001,87 ber samkvæmt framansögðu að taka til greina með vöxtum, sem þó verða ekki gegn mótmælum stefnds reiknaðir hærri en 5% p. á. og ekki frá fyrri tíma en útgáfudegi stefnu.

Eftir þessum úrslitum ber stefndum að greiða málskostnað, er ákveðst í samræmi við hina tildæmdu upphæð kr. 200,00. Svo ber og að staðfesta framangreinda lögbaldsgerð fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Mánudaginn 16. nóv. 1931.

Nr. 27/1931. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Friedrich F. A. Schulz

(Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. jan. 1931: Kærði, Friedrich Ferdinand Albert Schulz,

á innan fjöggra vikna að greiða 15,000 kr. sekt til Landhelgisjórðs Íslands, en afplána hana með 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Margarete“, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Laugardaginn 24. janúar s. l. var varðskipið Óðinn á ferð vestur með landi út af Sjávarmelum. Kl. 11,45 sást frá varðskipinu til tveggja togara, er þá virtust hafa austlæga stefnu, en sneru út frá landinu kl. 11,58. Kl. 12,07, var þessi staðarákvörðun gerð á varðskipinu:

Alviðruhamarsviti	
Sjávarmelamerki	> 54° 50'
Suðurendi Lómagnúps	> 69° 30'
Alviðruhamarsviti	
Togararnir	> 19° 30'

Kl. 12,11 var önnur staðarákvörðun gerð á varðskipinu:

Hjörleifshöfði $\neq$ Alviðruhamarsviti > til Sjávarmelamerkis 77° 30' og > til þess af togaranum, sem dýpra var og síðar reyndist vera togarinn Margarete, P. G. 330, frá Wesermünde, sem kærði var skipstjóri á, 29°.

Kl. 12,17 var togurum þessum gefið merki um að nema staðar, en þeir sinntu því ekki. Var þá skotið tveim lausum aðvörunarskotum, og er þeim heldur eigi var sinnt, var loks kl. 12,33 skotið skörpu skoti fyrir framan skip kærða og nam það þá staðar. Kl. 12,37 kom varðskipið að skipi kærða og var

þá byrjað að draga inn stjórnborðsvörpu í togar-
anum. Var dufli lagt út frá varðskipinu rétt aftan
við skip kærða og kl. 13,13 var eftirfarandi stað-
arákvörðun gerð við dufl þetta:

Alviðruhamarsviti

> 28° 40'

Mýrnatangamerki

Sjávarmelamerki

> 71° 40'

Mýrnatangamerki

Siðan var farið með skip kærða til Vestmanna-
eyja og mál hans rannsakað þar og dæmt í lög-
reglurétti, með þeim úrslitum, sem greinir í hinum
áfryjaða dómi, og hefir þessum dómi lögreglurétt-
arins verið skotið til hæstaréttar að ósk kærða.

Í hæstarétti hefir verið lagt fram sjóbréf, sem for-
stöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á
staði varðskipins kl. 12,07 og kl. 12,11, miðunar-
línur þaðan til skips kærða svo og tökustað þess,
allt samkvæmt áðurnefndum mælingum. Í vörn
málsins hér fyrir réttinum hefir það verið véfengt,
að Alviðruhamarsviti, sem er handteiknaður í sjó-
bréfið af vitamálaskrifstofunni, sé markaður á ná-
kvæmlega réttum stað á sjóbréfinu, en með því að
miða við hinn rétta stað vita þessa, 63°, 27,3' norð-
lægrar breiddar og 18° 18,7' vestlægrar lengdar, þá
sýna staðarákvarðanir þessar, að skip kærða hefir
kl. 12,07 verið að minnsta kosti 0,8 sjómílur innan
landhelgislínu, því miðunarlína sú, er skip kærða þá
var í, liggur hvergi nær landhelgislínunni en sem
þessu nemur, á því svæði, sem hér getur verið um
að ræða. Verður að leggja þessa staðarákvörðun
varðskipsforingjans til grundvallar, enda er ekkert
framkomið í málinu, er hnekki henni, og með því

að kærði hefir viðurkennt að hafa verið að veiðum með botnvörpu frá því staðarákvörðun þessi var gerð og þar til skip hans nam staðar kl. 12,33, þá er það nægilega sannað, að hann hefir gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að hann með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 11. október 1929 hefir sætt sektum fyrir samskonar brot og með hliðsjón af því, að gullgildi íslenzkrar krónu er nú 63,46, þá ákveðst refsing hans samkv. 3. gr. nefndra laga 18000,00 kr. sekt til Landhelgisjóðs Íslands og afplánast sekt þessi með 8 mánaða einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði hefir haldið því fram, að hann hafi haft sér til leiðbeiningar við veiðarnar dufl, sem lagt hafði verið út frá öðru skipi, og telur hann, að sér hafi mælt dufl þetta vera utan landhelgi og kveðst hann aldrei hafa togað fyrir innan það. Dufl þetta reyndist að vísu samkvæmt mælingu varðsupsforingjans að vera 0,4 sjómílu fyrir innan landhelgislínu, en með því að mæling kærða á stað þess að nokkru leyti var gerð með kompásmiðunum, verður það eigi talið útilokað, að skekkjan í mælingu hans kunni að hafa stafað af kompásskekkju, en kompásinn var eigi athugaður í rannsókn málsins. Þykir því eigi sannað, að kærði hafi af ásettu ráði fiskað í landhelgi og verður hann því eigi látinn sæta fangelsisrefsingu samkv. 5. gr. nefndra laga.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Friedrich F. A. Schulz, skipstjóri á togaranum Margarete, P. G. 330, frá Wesermünde, greiði 18000,00 kr. sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn Friedrich Ferdinand Albert Schulz, f. 15. 2. 1896, skipstjóra á togaranum Margarete, P. G. 330, frá Wesermünde, fyrir brot gegn lögum nr. 18, 5. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. þ. m. var varðskipið Óðinn á vesturleið út af Sjávarmelum og er kl. var 11,45 sáust tveir togarar, sem virtust hafa austlæga stefnu. En kl. 11,58 athuguðu þeir á Óðni, að bæði skipin sneru út frá landi og var þá kl. 12,07 (níu mínútum seinna) gerð staðarákvörðun og síðan önnur kl. 12,11. Samkvæmt uppdrætti varðskipsins reyndust togarar þessir — og var Margarete annar þeirra — vera þá á landhelgissvæðinu í miðunarlínum frá „Óðni“ byggðum

á þessum staðarákvörðunum og ákvörðun staða þeirra, sem togararnir voru stöðvaðir á. Samkvæmt skýrslu skipherrans á Óðni var sett kl. 12,37 út boja rétt við afturenda togarans Margarete og sú boja staðsett kl. 13,13 og reyndist 0,15 fyrir utan landhelgislinuna. En skip kærða hafði stöðvast kl. 12,33 og hafði þá eftir skýrslu skipherrans á Óðni togað út og vestur í 35 mínútur.

Kærði hefir kannazt við að hafa verið að toga þessar 35 mínútur og nokkurn tíma þar áður, en neitar hinsvegar eindregið að hafa verið á landhelgissvæðinu. Véfengir hann fyrst og fremst mælingar varðskipsins um, hvar bojan hjá togaranum Margarete hafi verið og fullyrðir, að hún hafi verið rétt mæld af sér og öðrum 0,3 sjóm. fyrir utan landhelgislinuna. Ennfremur fullyrðir hann að skip sitt hafi ekki farið út og vestur þessar 35 mínútur, heldur beint í vestur, sem á þessum stöðum er meðfram landhelgislinunni. Einnig vill hann halda fram, að þar sem hann aldrei hafi togað inn fyrir boju frá togaranum J. H. Wilhelms, sem bæði honum og skipstjóranum á því skipi hafi reynst vera lítilsháttar fyrir utan línuna, komi ekki til að hann hafi togað á landhelgissvæðinu.

Það skal út af þessu tekið fram, að þar sem mælingum kærða og mælingum varðskipsins ekki ber saman og kærði ekki á nokkurn hátt hefir sýnt eða gert líklegt, að þær mælingar eða útsetningar samkvæmt þeim séu rangar — verður rétturinn að öllu leyti að byggja á mælingum varðskipsins. Samkvæmt þessu verður bæði að álíta, að togarinn Margarete hafi aðeins verið 0,15 úr sjómílu fyrir utan landhelgislinuna, þegar togarinn var stöðvaður og að bojan frá tog. J. H. Wilhelms hafi verið 0,4 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna eins og varðskipinu mældist hún, en ekki 0,15 fyrir utan hana eins og kærði segir.

Kærði hefir borið og einnig stýrimaður hans, að stýrt hafi verið beint í vestur síðasta hálf tímann áður en Óðinn stöðvaði þá. En háseti sá, sem var við stýrið, kveður þá á þessum tíma hafa stefnt fyrst til austurs, síðan snúið og stefnt í vestur. En skipherrann og 1. stýrimaður á Óðni hafa borið, að þetta geti ekki verið rétt. Og þar sem mælingar varðskipsins sýna að skip kærða hefir færst út á við á þessum tíma og auk þess er ósamræmi milli framburða vitnanna, verður að telja sannað, að skip kærða

hafi ekki stefnt í vestur þennan tíma, heldur út og vestlæga stefnu. Og þar sem það er viðurkennt af honum, að hafa togað rétt við áðurnefnda boju togarans J. H. Wilhelms, sem var 0,4 sjm. fyrir innan landhelgislinuna, og vitanlegt að hann samkvæmt miðunarlinum varðsupsins kl. 12,07 og 12,11 hlaut að vera þá á landhelgissvæðinu eftir því, sem skip hans var kl. 12,33, má telja nægilega sannað, að kærði hafi gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 18, 5. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Þykir refsing hans eftir 3. gr. sömu laga hæfilega ákveðin sekt að upphæð 15,000 krónur til Landhelgissjóðs Íslands. Er þá tekið tilliti til þess að hér er um ítrekað brot af hálfu kærða að ræða á þessari lagagrein og að gullgengi ísl. krónu er nú 81,74. Hinsvegar þykir eftir atvikum ekki næg ástæða til að ætla að um viljandi yfirtroðslu kærða sé að ræða og að því megi láta hann komast hjá þeirri fangelsishegning, er í sömu lögum er lögð við ítrekuðum brotum.

Auk sektargreiðslunnar skulu upptæk öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 20. nóv. 1931.

Nr. 43/1931. **Garðar Flygenring** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Þórði Eyjólfssyni, f. h. þrotabús h/f
Drangsnes (Stefán J. Stefánsson).

Sýknukröfu áfrýjanda um greiðslu lofaðs hlutafjár
hrundið, þar eð sönnun brast fyrir greiðslu þess
af hendi annars manns.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 9. maí
1931: Stefndur, Garðar Flygenring, greiði stefnandan-
um, Þórði Eyjólfssyni, skiptaráðanda í þrotabúi H/f
Drangsnes, kr. 6000,00 með 6% ársvöxtum frá 2. janúar